

Mikilvægar breytingar gerðar á kjarasamningum Skólastjórafélags Íslands og Félags stjórnenda leikskóla.

Þann 17. mars 2017 gengu samstarfsnefndir Sambands Íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands (SÍ), annars vegar, og Félags stjórnenda leikskóla (FSL) hins vegar, frá samkomulagi um breytingar á gildandi kjarasamningum aðila.

Það sem kallar á þessar breytingar nú er niðurstaða erfiðra kjaraviðræðna við Félag grunnskólakennara sem birtist í nýlegum kjarasamningi aðila. Afleidd leiðrétting á launum leikskólakennara, hefur einnig haft þau áhrif að röðun hæstu starfsheita grunnskólakennara og leikskólakennara er komin mjög nálægt og jafnvel yfir röðun lægstu starfsheita skólastjórna.

Samkomulagið við félögin felur í sér eftirfarandi breytingar:

Skólastjórafélag Íslands - Breytingar á launatöflum

Tafla skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem tekur gildi 1. júní 2017 hækkar 2,8 % umfram þau 2,8 % sem áður hafði verið samið um. Heildarhækkun launatöflu skólastjóra og aðstoðarskólastjóra þann 1. júní 2017 nemur því samtals 5,6%.

Tafla skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem tekur gildi 1. júní 2018 tekur sömu hækkun og áður hafði verið samið um eða 2,8%.

Tafla deildarstjóra sem tekur gildi 1. júní 2017 hækkar 5,6 % umfram þau 2,8 % sem áður hafði verið samið um. Heildarhækkun launatöflu deildarstjóra þann 1. júní 2017 nemur því samtals 8,4%.

Tafla deildarstjóra sem tekur gildi 1. júní 2018 tekur sömu hækkun og áður hafði verið samið um eða 2,8%.

Skólastjórafélag Íslands – Breytingar á röðun starfsheita

Frá 1. júní 2017 verður sú breyting á röðun að skólastjórar í starfsheitum að 133 nemendum færast upp um einn launaflokk.

Frá 1. júní 2017 verður sú breyting á röðun að aðstoðarskólastjóra að 133 nemendum færast upp um einn launaflokk.

Félag stjórnenda leikskóla – Breytingar á launatöflum

Tafla leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra sem tekur gildi 1. júní 2017 hækkar 1,2 % umfram þau 2,8 % sem áður hafði verið samið um. Heildarhækkun launatöflu leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra þann 1. júní 2017 nemur því samtals 4,0%.

Tafla skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem tekur gildi 1. júní 2018 tekur sömu hækkun og áður hafði verið samið um eða 2,8%.

Félag stjórnenda leikskóla – Breyting á grein 1.4.6. viðbótarlaunaflokkar v/stjórnunarreynslu.

Frá 1. júní 2017 hljóði grein 1.4.6 svo:

Hafi leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri 5 ára stjórnunarreynslu í grunn-, leik- eða framhaldsskóla radast hann tveimur launaflokkum hærra en annars væri, eftir 10 ára stjórnunarreynslu sem stjórnandi í grunn-, leik- eða framhaldsskóla bætast tveir launaflokkar við og eftir 15 ára stjórnunarreynslu sem stjórnandi í grunn-, leik- eða framhaldsskóla bætast tveir launaflokkar við.

Frá 1. júní 2017 er verðmæti stjórnunarflokka hjá FSL því orðið það sama og hjá öllum öðrum stjórnendafélögum innan KÍ. Fram til þess hefur greinin gefið félagsmönnum í FSL að hámarki 4,2% en öðrum stjórnendafélögum innan KÍ 8,4%.

Kennsluráðgjafar og starfsfólk á skólaskrifstofum:

Kennsluráðgjafar og starfsfólk á skólaskrifstofum geta verið félagsmenn í báðum stéttarfélagunum. Launasetning þeirra getur verið mismunandi á milli skólaskrifstofa auk þess sem þau starfa við hlið starfsmanna sem eru í öðrum stéttarfélagum. Gerð var eftirfarandi bókun um stöðu þeirra:

Samstarfsnefnd er sammála um að undirbúa upptöku starfsmats hjá kennsluráðgjöfum og starfsfólki skólaskrifstofa sem eiga aðild að FSL og SÍ. Stefnt er að því að þessari vinnu sé lokið fyrir 1. júní 2017 með bráðabirgðamati starfa. SNS mun leggja fram fyrstu drög að bráðabirgðamati og kjarasamningsákvæðum.